

Aðalfundur LSG 26. maí 2014.

Skýrsla stjórnar fyrir tímabilið 27.05.2013 – 26.05.2014.

Á fyrrgreindu tímabili voru haldnir 2 stjórnarfundir auk 1 fundar í Hornstrandanefnd.

1. Aðalfundur LSG haldinn 27.05. 2013.

Á síðasta aðalfundi LSG sem haldinn var 27. maí 2013 í húsi Nýherja hf., Borgartúni 37 voru eftirtaldir kjörnir til trúnaðarstarfa :

Erling Ásgeirsson	formaður
Sölvi Rúnar Sólbergsson	varaformaður
Matthildur Guðmundsdóttir	ritari
Ingvi Stígsson	gjaldkeri
Hörður Ingólfsson	meðstjórnandi
Guðmundur Halldórsson	varamaður
Jósef H Vernharðsson	varamaður
Sigríður Gunnarsdóttir	varamaður
Ingibjörg Ásgeirsdóttir	skoðunarmaður reikninga
Brynjar Valdimarsson	skoðunarmaður reikninga
Jón Borgarsson	varaskoðunarmaður
Anna Ásgeirsdóttir	varaskoðunarmaður

Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum var boðið upp á kaffiveitingar í boði félagsins.

2. Hornstrandanefnd

Hornstrandanefnd heyrir undir Umhverfisstofnun.

Í Hornstrandanefnd sitja, úr stjórn LSG Matthildur Guðmundsdóttir, Ingvi Stígsson og Erling Ásgeirsson. Frá Ísafjarðarbæ Daníel Jakobsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og Andrea Harðardóttir. Formaður nefndarinnar er Ólafur Arnar Jónsson deildarstjóri deildar náttúruverndar Umhverfisstofnunar og starfsmaður nefndarinnar er Jón Björnsson starfsmaður Umhverfisstofnunar og umsjónarmaður friðlandsins á Hornströndum. Á tímabilinu voru haldinn einn fundur í Hornstrandanefnd.

Fundur Hornstrandanefndar 22. maí 2014:

Fundarefni:

1. Upplýsingar um fjölda ferðamanna og eiganda sumarið 2013.
2. Verkefni unnin 2013
3. Verkefni komandi sumars 2014
4. Fjöruhreinsun í friðlandinu 7. júní 2014 á vegum Ísafjarðarbæjar
5. Gildi friðlandsins - og flokkun
6. Verndaráætlun – nauðsyn hennar og næstu skref
7. Umræður um vélknúin farartæki og stöðu þeirra mála (afgreiðsla bæjarr. Ísafj.)
8. Ályktun frá aðalfundi LSG 2013

Á aðalfundi Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurrepps sem var haldinn 27. maí 2013 sl. var sú ályktun samþykkt að félagið hvetur til þess að skipulagsyfirvöld Ísafjarðarbæjar hefji vinnu við gerð deiliskipulags, í samráði við þá landeigendur er málið varðar, á fjölförnustu áfangastöðum ferðamanna í friðlandinu á Hornströndum. Þetta yrði gert með hagsmuni land-og húseigenda í huga, sem margir hverjir, verða fyrir verulegum ágangi ferðamanna en ekki síður með langtíma hagsmuni ferðapjónustuaðila að leiðarljósi. Aukning ferðamanna umfram það sem nú er á viðkvæmustu stöðunum, eins og t.d. á Hesteyri, leiðir til vandræða að óbreyttu og óánægju þeirra ferðamanna er sækja staðina heim. Þessu er brýnt að bregðast við sem fyrst.

Samrit sent Umhverfisstofnun.

Málið gerist nú enn brýnna þar sem göngufólki og þeirra sem fara í dagsferðir norður fjölgar stöðugt samkvæmt ársskýrslu landsvarðar 2013. Einnig liggja fyrir áætlanir um fjölda skemmtiferðaskipa sem koma til Ísafjarðar á komandi sumri. Gert ráð fyrir 48 skipum sem er fjölgun um 10 frá fyrra ári.

Fundargerð Hornstrandanefndar 22. maí 2014:

Dags.fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
22.05.2014	10:00	Umhverfisstofnun	01.2014
Fundarboðandi: Ólafur A Jónsson		Fundarritari: Jón Björnsson	
Fundarmenn: Erling Ásgeirsson, Matthildur Guðmundsdóttir og Ingvi Stígsson frá Landeigendafélagi Sléttu- og Grunnavíkurrepps, Andrea Harðardóttir, Daníels Jakobssonar			

frá Ísafjarðarbæ, Ólafur Jónsson frá Umhverfisstofnun, og Jón Björnsson frá Hornstrandastofu sem jafnframt ritaði fundargerð. Sigrún Ágústsdóttir mætti undir lið. Andrea og Daníel sátu fundinn gegnum síma.		
Afrit sent til: Fundarmanna og byggingafulltrúa Ísafjarðarbæjar		
Markmið fundar: Hornstrandamál		
Mál nr.	Erindi	Ábyrgð
1.	<p>Fjöruhreinsun, 7. júní</p> <p>Rætt um fyrirhugaða ferð með sjálfboðaliða til hreinsunar á rusli úr fjörum í Kjaransvík og Hlöðuvík, 7. júní n.k. Verkefnið er unnið í samstarfi fjölmargra aðila á Ísafirði og Umhverfisstofnunar. Fundarmenn lýstu ánægju sinni með verkefnið en bentu jafnframt á nauðsyn þess að upplýsa landeigendafélagið um slík verkefni.</p> <p>Kynning og umræða</p>	Ólafur
2.	<p>Sumarið 2013</p> <p>Jón Björnsson fór yfir sumarið 2013, ferðamenn og verkefni</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Fjöldi ferðamanna og eigindi sumarið 2013 ○ Ástandsskýrsla friðlandsins kynnt ○ Verkefni sem unnin voru í friðlandinu 2013, ekki síst endurhleðsla á vörðum á Innri- Hesteyrarbrúnum <p>Kynning og umræða</p>	Jón B
3.	<p>Verkefni komandi sumars</p> <p>Jón reifaði helstu verkefni sem framundan eru í friðlandinu.</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Lagfæring á gönguleið uppúr Veiðileysufirði ○ Gönguleiðir umhverfis Hesteyri 	Jón B

	<p>○ Landvarsla sumarsins 2014</p> <p>Kynning og umræða</p>	
4.	<p>Gildi Hornstrandafriðlandsins</p> <p>Farið yfir gildi svæðisins og alþjóðlegt mat á því. Friðlandið hefur mikla sérstöðu samanborið við önnur íslensk friðlönd og reyndar einnig á alþjóðavísu. Svæðinu er í dag stjórnað samkvæmt alþjóðlegri flokkun sem víðerni (wilderness), þar sem náttúran og gildi hennar er í fyrirrúmi. Leggja þarf mat á umrædda flokkun og verndaráætlun út frá henni. Bent er þó á að endanleg flokkun friðlandsins er val og flytja má friðlandið í annan og algengari flokk verndarsvæða.</p> <p>Kynning og umræða</p>	Jón B
5.	<p>Breytingar á friðlýsingarákvæðum</p> <p>Tekið til umræðu tillaga frá bæjarráði Ísafjarðarbæjar, 12. maí s.l. varðandi ályktun um breytingar á friðlýsingaskilmálum Hornstrandafriðlandsins. Tillagan er í þremur liðum og fjallar um stækkun áhrifasvæðis friðlandsins í 1. sjm. út frá grunnlínu strandar, skerpt verði á reglum um umferð vélknúinna farartækja og takmörkun á flugi yfir friðlandinu.</p> <p>Undir þessum lið mætti Sigrún Ágústsdóttir, sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun. Upplýsti hún um að erindi Ísafjarðarbæjar hafi enn ekki borist stofnuninni, en rakti hvernig afgreiðsla sambærilegra erinda er unnin. Leitað yrði umsagnar helstu hagsmunaaðila varðandi slíka breytingu og þar með ekki síst landeigenda. Samráð yrði jafnaframt haft við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, sem tekur endanlega ákvörðun um breytingar á friðlýsingarákvæðunum. Óvíst er hve langan tíma slíkt ferli tæki.</p> <p>Lagt var til að fulltrúar landeigenda í Hornstrandanefnd leiti afstöðu landeigendafélags Sléttur- og Grunnavíkurhrepps til málsins og komi þeirri afstöðu á framfæri við Umhverfisstofnun.</p>	Jón B
6.	<p>Verndaráætlun</p> <p>Jón reifaði nauðsyn þess að unnin verði verndaráætlun fyrir friðlandið.</p>	Jón B

	<p>Taldi hann að best væri að fá til þess utanaðkomandi hlutlausan aðila sem færi með stjórn umræddrar gerðar. Allir hagsmunaaðilar sem koma að svæðinu yrði boðin þátttaka. Nokkur kostnaður fylgir gerð og útgáfu slíkrar áætlunar. Leita þyrfti til hagsmunaaðila um fjármögnun slíks verkefnis.</p> <p>Kynning og umræða</p>	
7.	<p>Önnur mál</p> <ul style="list-style-type: none"> Ályktun frá aðalfundi Landeigendafélagsins frá síðasta ári rædd. Ályktunin fjallaði um aðkomu Ísafjarðarbæjar að gerð deiliskipulags á fjölsóttum ferðamannastöðum innan friðlandsins. Landeigendafélagið mun ræða umrædda tillögu frekar á ársfundi sínum og senda Ísafjarðarbær erindi í kjölfarið. Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 11:45 	Jón B

3. Kjör heiðursfélaga:

Á aðalfundi LSG 27. maí 2013 bar formaður LSG upp eftirfarandi tillögu sem samþykkt var einróma.

Tillaga:

Aðalfundur Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurhrepps haldinn í Borgartúni 37 Reykjavík, 27. maí 2013 samþykkir, í tilefni af 40 ára afmæli félagsins, að gera Þorvarð Jónsson, stofnfélaga og stjórnarmann í félaginu, frá 1973 til 2001 og formann þess frá 1983 til 2001, að heiðursfélaga. Fundurinn þakkar Þorvarði fyrir vel unnin störf og tryggð við félagið alla tíð.

Þorvarður Jónsson

Þorvarður Björn Jónsson er fæddur 16. okt. 1928 á Ísafirði. Foreldrar voru Jón Kristjánsson bókbindari, trésmíðameistari á Ísafirði, síðar í Reykjavík, fæddur í Neðri-Miðvík í Aðalvík og Þorbjörg Valdimarsdóttir fædd í Heimabæ í Hnífsdal.

Þorvarður er rafmagnsverkfræðingur að mennt, stundaði nám við Háskóla Íslands og framhaldsnám í Danmörku og Bandaríkjunum.

Lengst af starfsævinnar starfaði hann hjá Pósti og Síma sem yfirverkfræðingur og síðar framkvæmdastjóri fjarskiptasviða.

Þorvarður var einnig umsvifamikill í félags- og trúnaðarstörfum ýmiskonar.

Hér er ekki staður né stund til að rifja það allt upp nema hvað hann kom að stofnun Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurhrepps 1973 og sat í stjórn

Þess allt til ársins 2001 og sem formaður 1983 til 2001. Eftir það gætti hann hagsmuna félagsins innan **Samtaka eigenda sjávarjarða SES**.

Öll þessi störf rækti hann af einstakri trúmennsku og vandvirkni.

Fyrir ómetanlegt framlag hans til LSG er hann nú á 40 ára afmæli félagsins kjörinn heiðursfélagi þess.

Þorvarður Jónsson lést á Krabbameinsdeild Landspítalans 23. október 2013. Útför Þorvarðar fór fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík 5. nóvember 2013. Stjórn LSG samþykkti að minnast Þorvarðar með fjórframlagi til Krabbameinsfélagsins í hans nafni.

4. Aðkoma LSG að gerð nýtingaráætlunar fyrir strandsvæði Djúps og Jökulfjarða.

Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps.
10.sept. 2013

Mótttekið

Erling og Sölvi

Sent í framhaldi af samtali mínu við Sölva í gær.

Erindi þessa bréfs er að kanna hvort landeigendafélög norðan Djúps séu tilbúin að tilnefna sameiginlegan fulltrúa (ásamt varamanni) í skipulagshóp í tengslum við gerð nýtingaráætlunar fyrir strandsvæði Djúps og Jökulfjarða. Ég sendi sams konar bréf til Skorar, félags landeigenda utan friðlandsins en þar er Þröstur Jóhannesson formaður (throstur@misa.is). Þið þyrftuð þá að koma ykkur saman um hvern þið tilnefnið sameiginlega. Ég hef ekki fundið út úr því hvort það er enn til landeigendafélag á Snæfjallaströnd.

Fyrsti fundur hópsins er 18.9. á Ísafirði, þ.e. á miðvikudaginn í næstu viku.

Sveitarfélög sem liggja að Ísafjarðardjúpi og Jökulfjörðum (Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur og Strandabyggð) hafið vinnu við gerð nýtingaráætlunar fyrir Ísafjarðardjúp og Jökulfirði (strandsvæðið/sjóinn). Verkefnið er hluti af verkefninu nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Vestfjarða sem hófst árið 2009. Fyrsti áfangi þess var gerð nýtingaráætlunar fyrir strandsvæði Arnarfjarðar sem nú í formlegri auglýsingu. Ég set hér að neðan samantekt úr greinargerð Arnarfjarðar en þar er að finna upplýsingar um út á hvað þessi vinna gengur. Frekari upplýsingar um verkefnið er að finna á heimasíðu Fjórðungssambands Vestfirðinga (www.vestfirdir.is), m.a. auglýsta útgáfu af greinargerð og uppdráttum.

Aðferðafræðin gengur út á það að fá ykkur, hagsmunaaðila sem skiptið skipulagshópin, til þátttöku í vinnunni. Skipulagshópurinn mun aðstoða við að afla gagna og útfæra stefnuna sem verður mörkuð í síðari hluta verkefnisins. Við leggjum áherslu á það að þeir sem taka þátt í vinnunni séu

fulltrúar félagasamtaka þegar það á við eða er hægt. Mikilvægt er að þeir sem skipaðir verða í skipulagshópinn séu virkir, áhugasamir og tilbúnir að vinna að sjónarmiðum síns félags. Erfitt er að segja til á þessari stundu um hversu margir fundir verða en það fer líka eftir áhuga hópsins. Á þessu ári eru tveir fundir áætlaðir – annar 18.9. (miðvikudag í næstu viku) á Ísafirði og sá síðari 18.11. Áætlanir gera ráð fyrir að seinni hluti verkefnisins hefjist í beinu framhaldi á næsta ári. Við gerum ráð fyrir að flestir fundirnir verði á norðanverðum Vestfjörðum.

Með von um skjót og jákvæð viðbrögð

Gunnar Páll Eydal
Teiknistofunni Eik

Stjórn LSG samþykkti að tilnefna Sölva Sólbergsson í hópinn fyrir sína hönd.

Síðastliðin 4 ár hefur Stjórn LSG fylgst með framvindu ágreiningsmála varðandi Heimabæ I og Heimabæ II á Hesteyri sem nú er komið í ferli hjá Úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála. Hér eru meðfylgjandi síðustu færslur úr fundagerðabók Umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar um málið.

5. Síðustu færslur úr fundagerðabók Umhverfisnefndar Ísafjarðar er varðar Heimabæ I og Heimabæ II á Hesteyri.

Bréf Verkfræðistofunnar Hamraborgar. - Heimabær 1 og Heimabær 2, Hesteyri, Jökulfjörðum. 2009-07-0034.

Lagt fram bréf frá Verkfræðistofunni Hamraborg, Kópavogi, dagsett 3. júní sl., þar sem óskað er eftir gögnum varðandi byggingarmál er tengjast Heimabæ 1 og Heimabæ 2 að Hesteyri í Jökulfjörðum.

Lagt fram til kynningar í bæjarráði þar sem erindið er til vinnslu á umhverfis- og eignasviði.

2. okt. 2012

387. fundur Umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar 9. janúar 2013

Umhverfisnefnd samþykkir framkomnar teikningar enda hefur verið farið eftir ábendingum umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar

2013050069 - Heimabær II, Hesteyri, Jökulfjörðum. - Kæra byggingarleyfis

Lagt fram erindi dags. 31. maí sl. frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála þar sem kært er byggingarleyfi á stækkun fasteignar að Heimabæ II, Hesteyri, Jökulfjörðum. Farið er fram á stöðvun framkvæmda.

Lagt fram til kynningar

5. Júní 2013

Bréf Verkfræðistofunnar Hamraborgar. - Heimabær 1 og Heimabær 2, Hesteyri, Jökulfjörðum. 2009-07-0034.

Lagt fram bréf frá Verkfræðistofunni Hamraborg, Kópavogi, dagsett 3. júní sl., þar sem óskað er eftir gögnum varðandi byggingarmál er tengjast Heimabæ 1 og Heimabæ 2 að Hesteyri í Jökulfjörðum.

Lagt fram til kynningar í bæjarráði þar sem erindið er til vinnslu á umhverfis- og eignasviði.

10.júní 2013

6. Stjórnarfundir LSG.

Stjórn LSG hélt einn formlegan stjórnarfundir á tímabilinu önnur mál voru leyst með tölvusamskiptum.

Stjórnarfundur 13. maí 2014:

1. Rætt um samþykkt bæjarráðs Ísafjarðarbæjar um breytingu á samþykktum friðlandsins. Óskað var eftir fundi í Hornstrandanefnd um málið.
2. Eftirfarandi tillögur um breytingar á auglýsingu um friðlandið að Hornströndum voru samþykktar á fundi bæjarráðs og verða sendar Umhverfisstofnun til afgreiðslu:
 1. Í 1. tölulið verði 60 föðmum breytt í 1 sjómílu, þannig að 1. töluliður auglýsingarinnar verði svohljóðandi eftir breytingar: „Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 1 sjómílu frá grunnlínu, er háð leyfi Umhverfisstofnunar.“
 2. Í 2. tölulið verði skerpt á því að meðal vélknúinna faratækja teljist snjóbílar og vélsleðar og að umferð þeirra sé bönnuð, þannig að 2. töluliður auglýsingarinnar verði svohljóðandi eftir breytingar: „Umferð vélknúinna farartækja, þar á meðal snjóbíla og vélsleða, utan vega og merktra slóða er bönnuð, allan ársins hring, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.“
 3. Tölulið 3 verði bætt við, þannig að 3. töluliður breytist í 4. tölulið o.s.frv. Í 3. tölulið verði tekin fyrir takmörkun á flugi yfir friðlandinu, þannig að nýr 3. töluliður verði svohljóðandi eftir breytingar: „Flug neðan 3.000 feta hæðar

yfir friðlandinu er óheimilt. Bannað er að lenda flugförum utan merкта lendingarstaða.“

3. Undirbúningur fyrir aðalfund LSG 2014

- a. Formanni falið að hafa samband við Jón Björnsson vegna aðkom hans að aðalfundi LSG
- b. Gjaldkera Ingva Stígsyni falið að fá Ástu Sólveigu Andrésdóttur lögfræðing hjá Fasteignaskrársviði Þjóðskrá á aðalfundinn til að ræða skráningar á jörðum og húsum.
- c. Rætt um stjórnarkjör. Allir núverandi stjórnarmenn voru kjörnir til starfa á aðalfundi 2013 til tveggja ára. Fer þar af leiðandi ekki fram stjórnarkjör á fundinum.

Niðurlag.

Tilgangurinn með stofnun Landeigendafélags Sléttu – og Grunnavíkurrepps (LSG) árið 1973 er að „gæta réttinda félagsmanna innan ofangreindra hreppa“ eins og stendur í lögnum. Vissulega mikið og tiltölulega óskilgreint hlutverk sem hefur örugglega breyst mjög mikið frá því er frumkvöðlarnir höfðu möguleika á að sjá fyrir.

Hver hefði getað séð það fyrir að 48 skemmtiferðaskip hafi viðdvöl á Ísafirði yfir hásumarið og drjúgur hluti farþegana bóki sig í ferð norður til Hesteyrar meðan á stuttri dvöl stendur. Það gefur augaleið að á Hesteyri þarf að vera viðbúnaður og skipulag til þess að dvöl þessara gesta sé með þeim hætti að sómi sé að. Aukin aðsókn auðugra útlendinga vekur hugmyndir um að flytja þá um á þylrum til og frá og innan friðlandsins. Það vekur upp spurningar hvaða áhrif það hefur á umhverfið og þá upp lifun sem aðrir ferðalangar eru að sækjast eftir þ.e.a.s. friður og ró og óspillt náttúra.

Mikil vinna stjórnarmanna fólst í aðkomu að gerð Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008 – 2020. Þar er fjallað um þróun byggðar umgengni og hvað eina er varðar Friðlandið. Í framhaldinu er nauðsynlegt að hefja gerð deiliskipulags fyrir einstaka byggðakjarna verður það ekki gert nema með frumkvæði landeigenda og vonandi með aðkomu bæjaryfirvalda á Ísafirði.

Eitt er það mál sem brýnt er að taka á en það eru réttar skráningar á löndum og húsum. Mál sem stjórn LSG hefur fjallað um á liðnum árum og Ólafur Helgi Kjartansson f.v. sýslumaður á Ísafirði sýndi mikin skilning á sinni tíð. Þetta verkefni hefur legið í skugga af öðrum verkefnum hjá stjórninni frá sagt. Á næsta aðalfundi (26.maí 2014) hefur verið boðið Ástu Sólveigu Andrésdóttur lögfræðingi hjá Fasteignaskrársviði Þjóðskrár og mun hún fjalla um misræmi í skráningum á jörðum og húsum í friðlandinu. Vissulega tímabært umræðuefni.

Eftir sem áður er eitt helsta verkefni stjórna LSG að sitja í Hornstrandanefnd og fylgjast með málefnum Friðlandsins á þeim vettvangi. Það lýsir framsýni frumkvöðlana að þeim skildi takast að koma því inn í auglýsingu um friðlandið á Hornströndum að þeirra félagskapur hefði 3 fulltrúa í 6 manna nefnd um málefni friðlandsins. Stjórnin merkir vaxandi áhuga og vilvild hjá bæjaryfirvöldum á Ísafirði gagnvart málefnum friðlandsins enda miklir hagsmunir í húfi með vaxandi

ferðamennsku. Til marks um þessi jákvæðu viðhorf má geta þess að 7 júní stendur Ísísafjarðarbær fyrir hreinsunarátaki sjálfboðaliða á fjörum í Hlöðuvík og Kjaransvík. Vert er að færa Umsjónarmanni friðlandsins og landverði Jóni Björnssyni færur við bestu þakkir fyrir samstarf á árinu hans háhugi og elja er ómetanleg.

Garðabæ 27. maí 2014

Erling Ásgeirsson form. LSG